

Samráðshópur íbúa og hagsmunaaðila Mýrdal
www.myrdalur.is

Alþingi
Erindi nr. P 138/361
komudagur 1.12.2009

Umhverfisnefnd Alþingis
bt. Nefndarsviðs
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013,
þingskjal 224 (200. mál).

Samráðshópur íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal þakkar boð umhverfisnefndar Alþingis dags. 19. nóv. 2009 um að hópnum gæfist kostur á að senda inn til nefndarinnar athugasemdir.

Samstarfshópurinn styður eindregið þá tillögu, sem fram kemur í ofangreindri þingsályktunartillögu, að *Hvannstóð undir Reynisfjalli – Búsvæði brekkubobba* – verði friðlýst. Vísar hópurinn í því sambandi til fyrri bréfa sinna til umhverfisnefndar dags. 2. mars og 17. júní 2009.

Hópurinn ítrekar hinsvegar fyrri skoðun sína að áform um jarðrask á búsvæði brekkubobba í austurhlíð Reynisfjalls ógni búsvæði þeirra í hvannstóði fjallsins. Hugmyndir um veggöng gegnum fjallið skerða svæðið og að umferð um jarðgöngin muni í senn valda stóraukinni efna- og hljóðmengun á því búsvæði sem ætlunin er að friða og jafnframt raska ró alls þessa friðsæla svæðis sem tugþúsundir ferðamanna njóta ár hvert.


Hópurinn leggur því til að eftirfarandi breyting verði gerð á 8.mgr. c-liðar (undir fyrirsögninni *Hvannstóð undir Reynisfjalli. Búsvæði brekkubobba*) II. hluta Viðauka með þingsályktunartillögunni:

Ógnir: Möguleg vegagerð um Víkurfjöru og jarðgöng um Reynisfall með tilheyrandi jarðraski og hugsanlegri mengun vegna nálægðar við umferð.

Samráðshópurinn vill einnig benda á í þessu samhengi að áformað friðland tengist svæði á náttúru-minjaskrá sem liggur frá suðurhlíðum Reynisfjalls, um Dyrhólaós, votlendi hans og leirur, Reynisfjöru og vestur að friðlandinu á Dyrhólaey. Sakir náttúrulegs mikilvægis – og þar með efnahagslegs – þessa svæðis telur hópurinn gríðarlega mikilvægt að því verði hvergi raskað, heldur verði unnið með skipulegum hætti að aukinni verndun þess. Svæðinu stendur veruleg ógn af þeim hugmyndum sem fram koma í drögum sveitarstjórnar Mýrdalshrepps að aðalskipulagi 2009-2025 þar sem gert er ráð fyrir nýjum þjóðvegi eftir því endilöngu um fjörur, votlendi og gríðlönd auðugs fuglalífs. Hópurinn fer þess á leit að umhverfisnefnd beini því til starfshóps um gerð náttúruverndaráætlunar að kanna möguleika á að bæta friðlýsingu umrædds svæðis inn á áætlunina áður en hún verður tekin til loka afgreiðslu.

Garðabæ, 29. nóvember 2009

F.h. samráðshóps íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal



Erla Bil Bjarnardóttir

bil@internet.is

Meðfylgjandi: Samsett mynd af Dyrhólaós tekin 21. nóv. sl. af ósnum uppi eins og sagt er þegar útfallið lokast og hann flæðir um votlendið.

